

Ultima Thule ehf  
Ármúla 40  
108 Reykjavík

Vestmannaeyjum 14. desember 2018  
UST201812-045/P.V.B.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um myndatöku - Snæfellsnes - Gullfoss - Geysir - Skógafoss**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ultima Thule, dagsett 6. desember, um leyfi til ljósmynda og kvikmyndatöku innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og við Gullfoss, Geysi og Skógafoss.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 568/2001. Hverskonar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Notkun ómannaðra loftfara innan friðlandsins er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 477/1987.

Geysir er á náttúruminjaskrá og í umsjón Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Um er að ræða tölur á auglýsingu um gönguferðir. Verkefnið verður unnið á tímabilinu 14. til 18. desember og koma 10 manns að þeim. Tímasetning myndatöku er háð veðri. Verkefnið felst aðallega í ljósmyndun og video tókum á jörðu. Drónatökur munu fara fram við Öndverðanes og Skálasnagavita innan Þjóðgarðsins á Snæfellsnesi þar sem flogið verður meðfram ströndinni, við Gullfoss verður flogið upp gljúfrið og fossinn og fyrir ofan Strokk á Geysissvæðinu. Hámarksflughæð er 120 metrar. Ekki er ráðgert að fljúga dróna við Skógafoss. Tekið verður tillit til annarra vegfarenda við tókurnar og stefnt að því að valda sem minnstri truflun. Tökur fara fram á göngustígum á svæðunum.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur drónaflug og kvikmyndatökur á svæðunum ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna. Fáir gestir eru á ferðinni innan þjóðgarðsins á þessum tíma árs þar sem ráðgert er að tölur fari fram. Líklegt er að drónaflug muni hafa

tímabundin neikvæð áhrif á upplifun gesta við Gullfoss og Geysi þar sem um fjölsóttari svæði er að ræða.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun metur miðað við ofangreinda verkefnalýsingu að tölur séu ekki leyfisskyldar við Skógafoss á þessum tíma árs.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum og drónaflugi innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og við Gullfoss og Geysi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum. Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Takmarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifunar annarra gesta á svæðinu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Óheimilt er að fljúga dróna yfir Strokk í minna en 50 metra hæð
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess skyldi það brotlenda eða bila.
- Að öðru leiti skal haga flugi dróna í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

*Hildur Vésteinsdóttir*

Hildur Vésteinsdóttir  
Sviðsstjóri

*Jón Björnsson*  
Jón Björnsson  
Þjóðgarðsvörður